

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Flóahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Flóahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulagsbreyting, Krákumýri, landnr. 224829, byggingarreitir.

Breytingin felur í sér að skipulagðir eru nýir byggingarreitir fyrir skemmu, hesthús og gróðurhús. Byggingarreitur 1 helst óbreyttur. Á byggingarreit 2 er gert ráð fyrir allt að 500 m² skemmu, mænishæð að hámarki 8 m frá botnplötu. Á byggingarreit 3 er gert ráð fyrir allt að 300 m² hesthúsi og 200 m² gróðurhúsi, mænishæð allt að 8 m frá botnplötu. Samþykkt í sveitarstjórn 4. júlí 2018.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 23. júlí 2018.

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

Rúnar Guðmundsson.

B-deild – Útgáfud.: 7. ágúst 2018